

Prófbókina skal geyma í vörzlum Fiskifélags Íslands, en afrit af henni skal senda atvinnumálaráðuneytinu. 104
29. sept.

22. gr.

Glati mótörvélstjóri prófskírteini sínu, á hann rétt til að fá afrit af því hjá Fiskifélagi Íslands, ef hann óskar þess.

23. gr.

Reglugerð fyrir námsskeið Fiskifélags Íslands, 25. nóv. 1924, og reglugerð um vélgæzlupróf á islenzkum mótorskipum, 16. apríl 1935, eru hér með úr gildi numdar.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 29. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau.

105
12. okt.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 69, 1936, um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau er sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Enginn má flytja til landsins eða verzla innanlands með neins konar skotvopn, sprengjur eða skotfæri eða efni eða hluti í þau, nema hann hafi áður fengið til þess leyfi dómsmálaráðherra, sem í leyfinu setur nánari reglur um innflutning, meðferð og afhendingu varanna og skilyrði fyrir leyfinu, eftir því sem þörf þykir.

Engum einstaklingi má selja eða afhenda slík tæki eða efni, nema hann hafi fengið leyfi samkvæmt 3. gr. til þess að eiga slíkt eða hafa í vörzlum sínum.

2. gr.

Álagningu á vörur þessar ákveður fjármálaráðherra fyrir tiltekið tímabil í einu, og skal við álagninguna taka tillit til þess, til hvers varan er notuð, þannig, að álagningin sé þeim mun minni, sem varan getur talizt hafa almennara notagildi.

105

12. okt.

3. gr.

Engum einstaklingi er heimilt að eiga eða hafa í vörzlum sínum nein af þeim tækjum, efnum eða öðrum hlutum, sem reglugerð þessi og lög nr. 69, 1936, taka til, nema hann hafi fengið til þess leyfi hjá lögreglustjóra í umdæmi því, sem hann dvelur eða er búsettur í.

Slík leyfi skulu vera skrifleg. Skal í leyfinu tilgreint nafn leyfishafa, staða og heimilisfang og það skýrt tekið fram, til hvaða tækja og efna það nái, tegund, tala og magn, eftir því, sem við á. Getur lögreglustjóri sett skilyrði í leyfið, ef hann telur þess þörf, og varðar það sviptingu leyfisins, ef út af er brugðið. Enn fremur skal þá gera upptæk til rikissjóðs tæki þau eða efni, sem leyft hefir verið og leyfishafi hefir undir hendi. Leyfið er bundið við persónu, og er leyfishafa óheimilt að framselja það öðrum eða láta af hendi til annara þau tæki eða efni, sem leyfið tekur til.

Nú flytur maður, sem fengið hefir slíkt leyfi, í annað umdæmi, og er honum þá skylt að tilkynna lögreglustjóra þess umdæmis, er hann flytur í, um leyfið, og að hve miklu leyti hann hafi notfært sér það.

Lögreglustjóri í umdæmi því, sem maður, er leyfi hefir fengið, dvelur eða er búsettur í, getur svipt hann leyfinu, án þess að færa þurfi rök fyrir leyfissviptingunni. Nú er maður sviptur leyfi, og er hann þá skyldur til að afhenda lögreglustjóra tafarlaust allt það, sem hann hefir í sínum vörzlum samkvæmt leyfinu, en rétt á hann á endurgjaldi eftir reglum 5. gr., hafi hann eigi brotið gegn skilyrðum fyrir leyfinu eða misnotað það á annan hátt.

Nú hefir manni verið synjað um leyfi eða hann sviptur því, og getur hann þá leitað úrskurðar dómsmálaráðherra um málið, en eigi frestar það málsskot leyfissviptingu eða verkun hennar. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað, að maður skuli sviptur leyfi, er honum hefir verið veitt það.

4. gr.

Það skal vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að eiga eða hafa í vörzlum sínum tæki þau, sem 1. gr. getur um, er sanna, að þeim sé það gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.

5. gr.

Hver sá, sem á eða hefir í vörzlum sínum birgðir af vörum þeim, sem í 1. gr. eru taldar, eða einstök tæki, efni eða hluti, sem þær falla undir, skulu tafarlaust eða í síðasta lagi fyrir 15. nóvbr. n. k. senda viðkomandi lögreglustjóra nákvæma skýrslu um það, sem hann þannig hefir undir höndum. Þar sem tilgreind sé tala, tegund og magn, eftir því sem við á. Jafnframt skal eigandi eða vörzlumaður segja til um það, hvort hann óskar að hafa hluti þessa í eign sinni eða vörzlu framvegis eða verzla með vörurnar, ef hann hefir áður gert það.

Sé um einstakling að ræða, tekur lögreglustjóri án undandráttar og í síðasta lagi fyrir 1. desbr. n. k. ákvörðun um það, hvort varzla eða eignarhald skuli

leyft. Ef lögreglustjóri telur, að leyfa megi vörzlu eða eignarhald, gefur hann út leyfi samkvæmt 3. gr., en ella skal hann taka vöruna í sínar hendur.

105
12. okt.

Hver sá eigandi eða vörzlumaður slíkra vara, sem ekki hefir fengið leyfi fyrir þeim hinn 1. desember n.k., er þá skyldur til að afhenda þær viðkomandi lögreglustjóra.

Skýrslu verzlana sendir lögreglustjóri áfram til dómsmálaráðherra, sem tekur ákvörðun um það, hvort verzlun megi halda birgðum sínum og verzla með þær áfram, en þangað til úrskurður um það er fallinn, má verzlunin selja þeim, sem leyfi hafa fengið hjá lögreglustjóra, samkv. 3. gr., en öðrum ekki. Telji ráðherra rétt að leyfa áframhaldandi verzlun, gefur hann út leyfi samkv. 1. gr., en ella felur hann lögreglustjóra að taka vörunar í sínar vörzur.

Þeir, sem samkvæmt framangreindu geta ekki fengið leyfi til þess að halda þeim tækjum eða efnum, sem þeir hafa í vörzlum sínum, eru skyldir til að afhenda þau lögreglustjórum eða þeim, sem þeir ákveða, en rétt eiga þeir á bótum, er svari kostnaðarverði varanna eða sannvirði, ef það er lægra en kostnaðarverð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið, að vörur, sem þannig er ástatt um, séu settar í umboðssölu hjá þeim, sem rétt hafa til slíkrar verzlunar.

Eigi frestar ágreiningur um verð afhendingarskyldu.

6. gr.

Lögreglustjórar skulu hver í sínu umdæmi halda skrá yfir alla þá menn, sem leyfi hefir verið veitt samkv. 3. gr., og um innihald leyfisins. Enn fremur skulu þeir, jafnóðum og leyfi eru veitt, senda dómsmálaráðuneytinu skýrslu um þá, sem leyfi hafa hlotið og um innihald leyfanna.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða reglum, sem dómsmálaráðherra setur samkv. 1. gr., varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri hegning liggja við að lögum. Ennfremur skulu skotvopn þau, skotfæri, sprengjur og aðrir hlutir og efni, er inn er flutt eða eru í vörzlum manna í heimildarleysi, gert upptækt og andvirði þess renna í ríkissjóð.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 1936.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.